

Svar

félags- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um fé til forvarna.

1. Hve miklu fé hefur verið varið til forvarna í félagsmálaráðuneytinu árlega sl. 5 ár?

Á meðfylgjandi töflu kemur fram að samtals var 30,6 millj. kr. varið til forvarna á árinu 2003. Á árinu 2007 er upphæðin 48,9 millj. kr. Samtals hefur rúmlega 192 millj. kr. verið varið til forvarna af félagsmálaráðuneytinu á síðastliðnum fimm árum.

m.kr.	2003	2004	2005	2006	2007
Fjölsmíðjan	26,00	26,00	32,00	32,00	32,00
Vímulaus æska - foreldrahús	4,60	4,50	5,00	10,00	10,50
Fræðslumiðstöð í fíknivörnum					0,15
Ný leið		0,30		3,00	6,00
Staðlað mat á árangri forvarna- og meðferðarstarfs unglinga					0,30
	30,60	30,80	37,00	45,00	48,95

2. Hvaða þætti skilgreinir ráðuneytið sem forvarnir og hversu há upphæð fór árlega til hvers þeirra sl. 5 ár?

Á því eru skiptar skoðanir hvað skuli teljast forvarnir gegn ávana- og fíkniefnum. Ráðuneytið lítur svo á að forvarnir felist meðal annars í því að styrkja foreldra í foreldrahlutverkinu. Börn sem búa við þær aðstæður að foreldrar og nánustu aðstandendur misnota áfengi og önnur fíkniefni eru skilgreind sem áhættuhópur sem þarfnast stuðnings svo og börn sem lögð eru í einelti. Forvarnir í þessum skilningi felast einnig í því að koma til hjálpar jafnt ungum sem eldri fórnarlömbum ávana- og fíkniefna. Skrá yfir aðila sem hafa fengið stuðning samkvæmt þessari skilgreiningu er að finna í töflunni hér að framan. Þar kemur fram hversu háa upphæð hver og einn hefur fengið undanfarin fimm ár.